

## REGLUR

### um tæknilega staðla vegna stórra áhættuskuldbindinga.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

#### 2. gr.

##### *Ákvörðun heildarfjárhæðar stórra áhættuskuldbindinga.*

Við ákvörðun á heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptamanna skal fjármálafyrirtæki fara eftir ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 frá 2. október 2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

#### 3. gr.

##### *Birting tæknilegra staðla.*

Með vísan til 2. gr. öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 frá 2. október 2014 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi ákvörðun á heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga vegna undirliggjandi eigna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptamanna, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*):

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1464963032041&uri=CELEX:32014R1187>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 324, þann 7. nóvember 2014, bls. 1-5.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í d-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Fjármálaeftirlitinu, 2. júní 2017.*

**Anna Mjöll Karlsdóttir.**

*Sigurður Freyr Jónatansson.*